

Rangárþing ytra  
Laufskálar 2  
850 HELLA

Garðabær, 20. desember 2023  
Málsnúmer: 202312-0011  
SS

### Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir Gaddstaðaeysju við Hellu.

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 8. desember 2023. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra vegna landnotkun í Gaddstaðaeysju í Ytri Rangá.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Stefnt er að því að Gaddstaðaeysja, sem er um 10 ha eyja í einkaeigu í Ytri-Rangá, verði tekin undir íbúabyggð en þar er í dag óbyggt land. Stærstur hluti eyjunnar mun fara undir íbúðarbyggð sem og þjónustu, hótél, veitingaaðstöðu og baðlón. Þá verður eyjan tengd við Rangárbakka með nýrri brú. Ljóst er að um stórfellda breytingu á umhverfi eyjunnar væri að ræða. Gaddstaðaeysja er í dag algróin og samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er blómgresisvist ríkjandi. Á loftmynd sést að töluvert er um víðigróður á eyrni og ekki er hægt að útiloka eitthvað votlendi. Þörf er á ítarlegri athugun á gróðurfari eyjunnar.

Eyjur í lífauðugum, frjósömum ám eins og Ytri-Rangá eru gjarnan mikilvæg varpsvæði fugla enda griðastaðir þar sem fuglar geta verið í friði frá umferð og athöfnum mannfólks sem og rándýrum líkt og refum og köttum. Þekkt er þétt gæsavarp í öðrum eyjum í Ytri-Rangá og ekki er ólíklegt að það sama eigi við um Gaddstaðaeysju enda með stærri eyjum í ánni en það þyrfti að staðfesta með athugunum. Í eyjunni má einnig reikna með töluverðum þéttleika vaðfugla í varpi sem og máfategundum. Eyjan gæti því reynst mikilvægt varpsvæði fyrir ýmsar fuglategundir og með því að taka hana undir byggð væri þeim varpsvæðum raskað.

Náttúrufræðistofnun telur nauðsynlegt að gera úttekt á fuglalífi Gaddstaðaeysjar áður en ákvörðun er tekin um breytt skipulag hennar. Góð, örugg varpsvæði eins og grónar eyjar eru takmörkuð auðlind og geta skipt máli fyrir dreifða stofna ýmissa fuglategunda á Suðurlandsundirlendinu sem er í heild sinni skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.

Lagt er til að ákvörðun um skipulagsbreytingu sé frestað þar til hægt verður að leggja mat á verndargildi eyjunnar í ljósi betri upplýsinga um fuglalíf og gróðurfar.

Virðingarfyllst,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

